

Frjálsi lífeyrissjóðurinn

Ársreikningur

2011

Frjálsi lífeyrissjóðurinn
Borgartúni 19
105 Reykjavík
kt. 600978-0129

Frjálsi lífeyrissjóðurinn

Ársreikningur

2011

Efnisyfirlit

Áritun óháðra endurskoðenda	2
Skýrsla stjórnar	3-7
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris	8
Efnahagsreikningur	9
Yfirlit um sjóðstreymi	10
Skýringar	11-17
Kennitölur	18-23
Sundurliðanir á verðbréfum	24-26
Fjárfestingarstefna Frjálsa lífeyrissjóðsins 2012 (úrdráttur)	27

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og sjóðfélaga Frjálsa lífeyrissjóðsins

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Frjálsa lífeyrissjóðsins fyrir árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits lífeyrissjóðsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af breytingu á hreinni eign lífeyrissjóðsins á árinu 2011, efnahag hans 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011 í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Kópavogur, 26. mars 2012

Deloitte ehf.

Halldór Arason
endurskoðandi

Guðmundur Ásgeirsson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Frjálsi lífeyrissjóðurinn var stofnaður árið 1978 og starfar samkvæmt leyfi frá Fjármálaráðuneytinu samkvæmt 52. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sjóðurinn starfaði eingöngu sem séreignarsjóður til 1. júlí 1999 þegar sjóðurinn stofnaði tryggingadeild.

Frjálsi lífeyrissjóðurinn valinn besti lífeyrissjóður á Íslandi þriðja árið í röð

Á árinu 2011 var Frjálsi lífeyrissjóðurinn valinn besti lífeyrissjóður á Íslandi af fagtímaritinu Investment Pension Europe (IPE). Þetta er þriðja árið í röð sem sjóðurinn vinnur til þessara verðlauna. Verðlaunin eru mikil viðurkenning fyrir sjóðinn og rekstraraðila hans, ekki síst í ljósi þeirra krefjandi aðstæðna sem ríkt hafa á Íslandi undanfarin misseri. Jafnframt var sjóðurinn valinn næstbesti lífeyrissjóðurinn í þeim níu Evrópulöndum sem eru með færri en 1 milljón íbúa.

Frjálsi lífeyrissjóðurinn vann einnig verðlaun hjá IPE árið 2005, en þá var sjóðurinn valinn besti lífeyrissjóður Evrópu í flokknum Uppbygging lífeyrissjóða.

Sjóðfélagar, ávöxtun og eignir

Í lok árs 2011 voru sjóðfélagar 42.724 og fjölgaði þeim um 2.092 en heildarfjöldi sjóðfélaga sem greiddi iðgjöld í sjóðinn á árinu var 15.518 og fjölgaði þeim um 1.202 sem er ánægjuleg þróun í ljósi þess að ekki er skylduáðild að sjóðnum. Hrein eign sjóðsins nam 99.732 milljónum króna. Sjóðfélögum hefur frá ársbyrjun 2008 boðist að velja milli fjögurra fjárfestingaleiða séreignadeildar sem eru með mismunandi fjárfestingarstefnu, áhættu og ávöxtun. Yfirlit um helstu þætti einstakra leiða er sem hér segir:

	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Frjálsi Áhætta	Trygginga- deild
Nafnávöxtun innistæðna	9,5%	12,5%	14,7%	13,4%	9,0%
Raunávöxtun innistæðna	4,0%	6,9%	9,0%	7,7%	3,6%
Hrein eign í millj.kr.	56.921	4.569	14.737	21	23.468
Fjöldi sjóðfélaga/réttihafa	36.333	2.527	5.748	22	31.395
Fjöldi sem greitt hefur í sjóðinn á árinu	10.769	1.019	3.569	11	12.596
Meðalfjöldi sjóðfélaga sem greiddi í sjóðinn á árinu	7.442	727	2.413	9	8.240
Fjöldi lífeyrisþega	663	162	546	0	719
Markhópur	Yngri en 55 ára	Eldri en 55 ára	Lífeyris- þegar	Áhættu- sæknir	Allir
Fjárfestingarstefna 2011:					
Skuldabréf	65%	85%	75%	60%	80%
Innlend hlutabréf	0%	0%	0%	5%	0%
Erlend hlutabréf	30%	8%	0%	30%	10%
Sérhæfðar fjárfestingar	5%	2%	0%	5%	5%
Bankainnstæður	0%	5%	25%	0%	5%
	100%	100%	100%	100%	100%

Frjálsi lífeyrissjóðurinn er rekinn af Arion banka og sjá starfsmenn bankans um rekstur sjóðsins. Stjórnarmenn sjóðsins eru sjö talsins, þrjár skipaðir af rekstraraðila og fjórir kosnir af sjóðfélögum á ársfundum sjóðsins.

Skýrsla stjórnar

Próun markaða

Ávöxtun Frjálsa lífeyrissjóðsins var góð á árinu 2011 og allar fjárfestingarleiðir skiluðu góðri ávöxtun á árinu m.v. markaðsaðstæður. Þær leiðir sem fjárfesta meira í innlendum skuldabréfum voru með hæstu ávöxtun vegna mikillar hækkunar á verðtrygðum skuldabréfum en lækkun á hlutabréfum hafði hinsvegar neikvæð áhrif á ávöxtun þeirra leiða sem hafa fjárfest í þeim. Úrvalsísitla innlendra hlutabréfa lækkaði um 2,6% á árinu og heimsísitla hlutabréfa (MSCI World Index) lækkaði um 7,6%.

Gengisísitla krónunnar sveiflaðist nokkuð á árinu en veiking krónunnar nam 4,9% eftir að hafa styrkst um 11,2% árið á undan.

Tryggingafræðileg staða

Hlutfall heildareigna á móti heildarskuldbindingum tryggingadeildar sjóðsins var í lok árs neikvætt um 0,4% sem er innan þeirra marka sem lög mæla fyrir um og ber sjóðnum því ekki skylda til að lækka réttindi sjóðfélaga. Hlutfall heildareigna á móti áunnum skuldbindingum var neikvætt um 3,4%.

Á ársfundi sjóðsins 2011 var upplýst um þá ákvörðun stjórnar sjóðsins að lífeyrisréttindi áunnin 2010 og fyrr, og lífeyrir sem byggist á réttindum sem aflað var 2010 og fyrr, yrðu lækkuð um 0,75% mánaðarlega næstu 12 mánuði, eða þar til jafnvægi næðist á milli eigna og áfallinna skuldbindinga sjóðsins, yrði það fyrr. Þessi ákvörðun stjórnar var í samræmi við heimildir í samþykktum sjóðsins og skráð sem viðauki í samþykktir hans. Markmið breytinganna var að ná meira jafnvægi í tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins.

Á árinu kom í ljós að útreikningur réttinda í tryggingadeild í tölvukerfum sjóðsins hafði verið rangur í mörgum tilvikum sem þýddi að tilteknir lífeyrisþegar fengu of háan lífeyri. Áunnin réttindi og lífeyrisgreiðslur sjóðfélaga hafa nú verið leiddrétt. Lífeyrisþegar verða ekki krafdir um greiðslu á ofgreiddum lífeyri því rekstraraðili sjóðsins, Arion banki, greiddi þann kostnað sem nam um 4 milljónum króna. Sjóðurinn varð því ekki fyrir fjárhagslegu tjóni vegna ofgreidds lífeyris. Við endurútreikning á niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar í árslok 2010 hefði munur á eignum og heildarskuldbindingum átt að vera -4,8% en ekki -6,9% eins og kom fram í ársreikningi sjóðsins.

Stjórnarlaun og umsýsluþóknun

Heildarstjórnarlaun á árinu 2011 námu 7,32 milljónum króna og umsýsluþóknun til rekstraraðila 360,1 milljónum króna.

Nýr rekstrarsamningur

Þann 1. febrúar 2012 skrifaði stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins og Arion banka undir nýjan rekstrarsamning sem kveður á um áframhaldandi rekstur og eignastýringu sjóðsins hjá Arion banka. Stjórnin hefur látið gera ítarlega úttekt á mögulegu rekstrarformi sjóðsins til framtíðar. Mat stjórnar var að hagsmunum sjóðsins væri best gætt með því að halda áfram samstarfi við Arion banka um rekstur sjóðsins.

Arion banki tók við rekstri sjóðsins eftir fall Kaupþings 2008. Eins og margoft hefur komið fram þá kom sjóðurinn betur út úr bankahruninu en flestir aðrir lífeyrissjóðir sem einnig má sjá í skýrslu úttektarnefndar lífeyrissjóða. Þeir lykilstarfsmenn sem komu að rekstri og eignastýringu sjóðsins fyrir bankahrun starfa nú við það sama hjá Arion banka.

Ljóst er að næstu misseri þarf að efla eignastýringu lífeyrissjóða og auknar kröfur verða gerðar til áhættustýringar og innra eftirlits. Fyrir Frjálsa lífeyrissjóðinn er það gríðarlegur styrkur að hafa öflugan banka á bak við sig í þeim breytingum sem eru framundan.

Skýrsla stjórnar

Lægri umsýslubóknun

Frjálsi lífeyrissjóðurinn var um 100 milljarðar að stærð í lok árs og sjöundi stærsti lífeyrissjóður landsins. Í nýja rekstrarsamningnum var samið um lægri umsýslubóknun sjóðsins til bankans fyrir rekstur og eignastýringu. Þóknunin í eldri samningi var árangurstengd og var á bilinu 0,29%-0,59% af hreinni eign sjóðsins háð ávöxtun m.v. viðmiðunarvísitölur sjóðsins. Nú hefur verið fallið frá árangurstengingu og er þóknunin tvískipt. Sjóðurinn greiðir árlega fasta þóknun sem nemur 170 milljónum á ári sem uppfærist m.v. launavísitölu og árlega umsýslubóknun sem nemur 0,16% af hreinni eign sjóðsins. Með þessu fyrirkomulagi er stefnt á að hlutfallslegur kostnaður sjóðsins lækki eftir því sem sjóðurinn stækkar.

Úttektarskýrslan

Í febrúar 2012 gaf úttektarnefnd Landssamtaka lífeyrissjóða út skýrslu um starfsemi lífeyrissjóða árin 2006-2010 og afleiðingar efnahagshrunsins á eignir sjóðanna. Frjálsi lífeyrissjóðurinn var með 10. lægsta hlutfallslega tapið af þeim 30 lífeyrissjóðum sem skýrslan náði yfir, eða 17,8%. Að meðaltali töpuðu lífeyrissjóðirnir 28% eigna sinna. Þeir lífeyrissjóðir sem voru með lægra hlutfallslegt tap eru allir minni en Frjálsi lífeyrissjóðurinn og í mörgum tilfellum lífeyrissjóðir sveitarfélaga með ábyrgð launagreiðanda sem hafa haft mjög varfærna fjárfestingarstefnu. Stjórn sjóðsins hefur farið vel yfir niðurstöður skýrslunnar og tekið tillit til þeirra athugasemda sem hún metur að tryggja betur starfshætti, eignastýringu og almennan rekstur sjóðsins til framtíðar.

Frjálsi lífeyrissjóðurinn fékk drög að yfirliti um sjóðinn til yfirlestrar til að leiðrétta hugsanlegar rangfærslur. Sjóðurinn benti á nokkrar rangfærslur sem úttektarnefndin sá ekki ástæðu til að leiðrétta í þeirri skýrslu sem var gefin út:

1) Í skýrslunni kemur fram að Frjálsi lífeyrissjóðurinn hafi keypt 1.456 þús. hluti í Kaupþingi að verðmæti um 1.169 milljónum króna á fyrsta ársfjórðungi 2008 en selt á öðrum og þriðja ársfjórðungi 2008 samtals 1.384 þús. hluti í Kaupþingi á mun lægra gengi en bréfin voru keypt á. Það er rangt að bréfin hafi verið seld á lægra gengi en þau voru keypt á. Hið rétta er að umrædd bréf voru seld með hagnaði á árinu 2008 en ekki með tapi eins og gefið er í skyn.

2) Í skýrslunni kemur fram varðandi bókun gjaldmiðlasamninga sjóðsins að versta mögulega staða fyrir sjóðinn hafi nú þegar verið færð inn í ársreikning sjóðsins að undanskilinni skuldajöfnunarkröfu sjóðsins að fjárhæð 568 milljónum króna, sem slítastjón bankans hafi fyrir sitt leyti hafnað. Það er rangt að í ársreikningi sjóðsins hafi ekki verið tekið tillit til höfnunar slítastjórnar á skuldajöfnunarkröfu sjóðsins að fjárhæð 568 milljónir króna vegna gjaldmiðlasamninga. Gerð er ítarleg grein fyrir þessu í skýringu 23 á bls. 14 í ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2010.

3) Í skýrslunni kemur fram að athugunarvert sé að upplýsingar í ársreikningi eru af skornum skammti að því leyti að ekki kemur fram hvað lífeyrissjóðurinn á í sjóðum Kaupþings. Þetta er rangt. Í ársreikningum frá og með árinu 2008 hefur verið birt sundurlíðun í skýringum ársreiknings á öllum skuldabréfasjóðum og hlutabréfasjóðum sem Frjálsi lífeyrissjóðurinn hefur átt í.

Í því samhengi er einnig rétt að nefna að Frjálsi lífeyrissjóðurinn leggur mikla áherslu á gagnsæi eignasafnsins. Ársfjórðungslega eru birtar á vefsíðu sjóðsins upplýsingar um öll einstök verðbréf sjóðsins sem veða meira en 0,1% af stærð hvernar fjárfestingarleiðar.

Skýrsla stjórnar

Sérstakt gjald lífeyrissjóða í ríkissjóð

Í ársreikningnum er í fyrsta sinn gjaldfært í tryggingadeild sjóðsins sérstakt gjald í ríkissjóð að fjárhæð 15,7 milljónir króna sem sett var á með lagasetningu til að fjármagna hlutdeild lífeyrissjóða í fjármögnun á sérstökum vaxtabótum, sem komu fram í viljayfirlýsingu stjórnvalda, fjármálafyrirtækja og lífeyrissjóða frá 3. desember 2010. Gjaldið er fyrirframgreiðsla upp í álagningu opinberra gjalda 2012 og nemur 0,0814% af hreinni eign tryggingadeildar til greiðslu lífeyris í árslok 2010. Samkvæmt lögnum er gert ráð fyrir annarri greiðslu frá lífeyrissjóðum við álagningu opinberra gjalda 2013.

Lífeyrissjóðirnir mótmæltu harðlega skattlagningunni sem leiddi til þeirrar niðurstöðu að þeir sömdu við stjórnvöld um að skila hlut þeirra í fjármögnun sérstakra vaxtabóta á árunum 2011 og 2012 með því að styðja við framkvæmd áætlunar sem miðar að því að aflétta gjaldeyrishöftum. Í því sambandi tóku lífeyrissjóðir þátt í gjaldeyrisútboði 15. febrúar 2012 og hafa gefið vilyrði fyrir því að taka þátt í öðru útboði síðar á árinu. Gangi sameiginleg markmið aðila um þátttöku lífeyrissjóðanna í útboðunum eftir mun ríkisstjórnin leggja fyrir Alþingi frumvarp, eigi síðar en á haustþingi 2012 um að fella brott ákvæði laga sem fela í sér skattlagningu á hreina eign tryggingadeilda lífeyrissjóðanna til greiðslu lífeyris vegna árána 2011 og 2012. Sá möguleiki er því fyrir hendi að sá skattur sem hefur verið greiddur til ríkissjóðs verði endurgreiddur sjóðnum.

Þess ber að geta að stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins ákvað að taka ekki þátt í gjaldeyrisútboðinu. Erlendar eignir tryggingadeildar eru um 8% af eignum sjóðsins og þátttaka í útboðinu hefði falið í sér að sjóðurinn hefði þurft að selja um 20% af erlendum eignum deildarinnar. Stjórnin hefur það lögbundna hlutverk að taka ákvarðanir sem eiga að gæta hagsmuna Frjálsa lífeyrissjóðsins. Það var mat stjórnar að hagsmunum sjóðsins væri betur borgið í núverandi efnahagsumhverfi með því að halda erlendum eignum.

Staða gjaldmiðlasamninga við föllnu bankana

Enn er mikil óvissa um það hvernig gera eigi upp gjaldmiðlasamninga við hina föllnu banka. Í ársreikningnum er eins og áður miðað við að samningarnir séu gerðir upp miðað við gildi gengisvísitölu á gjalddaga samninganna og að skuldabréf verði notuð til skuldajöfnunar, eftir því sem hægt er. Frjálsi lífeyrissjóðurinn og Landssamtök lífeyrissjóða, f.h. aðildarsjóða sinna, gera þó kröfu um hagstæðara uppgjör. Nettóskuld samninganna skv. ársreikningi er 1.753 milljónir króna. Ef Frjálsi myndi bóka gjaldmiðlasamninga á sambærilegan hátt og nánast allir aðrir lífeyrissjóðir myndi nettóskuld sjóðsins vera engin.

Enn auknar heimildir til útgreiðslu séreignar


Þann 1. janúar 2012 tóku gildi ný lög sem auka enn á heimildir sjóðfélaga til að fá greitt út séreignarsparnað og geta sjóðfélagar nú tekið út fyrirfram allt að 6,25 milljónir króna með jöfnum greiðslum. Þetta gæti leitt til aukins útfærðis úr séreignadeild sjóðsins. Frjálsi lífeyrissjóðurinn hefur ekki átt í erfiðleikum með að mæta þessu útfærði þar sem gæði og seljanleiki eignasafnsins er mikill.


Skýrsla stjórnar


Stjórn og framkvæmdastjóri Frjálsa lífeyrissjóðsins staðfesta hér með ársreiknings sjóðsins vegna ársins 2011 með undirritun sinni.


Reykjavík, 26. mars 2012


Í stjórn



Ásgéir Thoroddsen
stjórnarformaður



Ásdís Eva Hannesdóttir


Bjarnar S. Ingimarsson



Elías Jónatansson


Elín Þórðardóttir


Jónmundur Guðmarsson


Magnús Pálmi Skúlason

Framkvæmdastjóri


Arnaldur Loftsson

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2011

	Skýr.	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Frjálsi Áhætta	Trygginga- deild	Samtals 2011	Samtals 2010
Iðgjöld								
Iðgjöld sjóðfélaga		1.228.786	118.442	351.620	1.433	664.912	2.365.193	2.040.980
Iðgjöld launagreiðenda		1.875.029	156.058	540.160	1.888	1.840.268	4.413.402	3.779.900
Réttindaflutn. og endurgreiðslur		(523.133)	221.205	339.113	(2.229)	(11.724)	23.232	173.244
Framlag ríkisins til jöfnun örorkub. .		0	0	0	0	70.231	70.231	74.825
	9/10	<u>2.580.681</u>	<u>495.705</u>	<u>1.230.892</u>	<u>1.093</u>	<u>2.563.687</u>	<u>6.872.058</u>	<u>6.068.949</u>
Lífeyrir								
Lífeyrir	11	(2.051.570)	(190.940)	(1.090.913)	(1.318)	(255.956)	(3.590.697)	(2.517.530)
Umsjónarnefnd eftirlauna		0	0	0	0	0	0	122
		<u>(2.051.570)</u>	<u>(190.940)</u>	<u>(1.090.913)</u>	<u>(1.318)</u>	<u>(255.956)</u>	<u>(3.590.697)</u>	<u>(2.517.407)</u>
Fjárfestingartekjur								
Tekjur af eignarhlutum		(115.132)	2.482	0	11	(12.076)	(124.715)	(29.931)
Vaxtatekjur og gengismunur	12	5.316.788	549.699	1.981.843	2.787	1.957.917	9.809.034	6.978.772
Breytingar á niðurfærslu	15/17	164.711	(4.794)	(42.336)	0	11.719	129.300	90.735
		<u>5.366.367</u>	<u>547.387</u>	<u>1.939.507</u>	<u>2.798</u>	<u>1.957.560</u>	<u>9.813.619</u>	<u>7.039.577</u>
Fjárfestingargjöld								
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður ..		(82.795)	(6.426)	(21.477)	(32)	(33.796)	(144.526)	(125.010)
Önnur fjárfestingargjöld		(82.795)	(6.426)	(21.477)	(32)	(33.796)	(144.526)	(135.458)
	18	<u>(165.590)</u>	<u>(12.852)</u>	<u>(42.955)</u>	<u>(65)</u>	<u>(67.591)</u>	<u>(289.053)</u>	<u>(260.468)</u>
Rekstrarkostnaður								
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður ..	18	(77.584)	(5.925)	(19.756)	(30)	(34.940)	(138.234)	(133.932)
Sérstakt gjald á lífeyrissjóði	25	0	0	0	0	(15.727)	(15.727)	0
		<u>(77.584)</u>	<u>(5.925)</u>	<u>(19.756)</u>	<u>(30)</u>	<u>(50.667)</u>	<u>(153.961)</u>	<u>(133.932)</u>
Hækkun á hreinni eign á árinu	21	5.652.304	833.375	2.016.777	2.478	4.147.032	12.651.966	10.196.719
Hrein eign frá fyrra ári		51.268.490	3.735.325	12.720.630	18.317	19.320.707	87.063.469	76.866.749
		<u>56.920.793</u>	<u>4.568.700</u>	<u>14.737.406</u>	<u>20.796</u>	<u>23.467.739</u>	<u>99.715.434</u>	<u>87.063.469</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2011

	Skýr.	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Frjálsi Áhætta	Trygginga- deild	Samtals 2011	Samtals 2010
Fjárfestingar								
Verðbréf með breytilegum tekjum ...	13	28.119.736	1.569.816	939.864	4.523	4.983.169	35.617.108	33.928.796
Verðbréf með föstum tekjum	14/15	27.953.061	2.958.134	11.507.720	16.121	17.776.283	60.211.318	50.028.477
Veðlán	17	1.488.775	8.591	0	0	20.118	1.517.484	1.211.275
Verðtrygð innlán		0	0	2.228.455	0	0	2.228.455	2.039.877
Aðrar fjárfestingar	22	26.067	0	0	0	14.788	40.855	14.788
		<u>57.587.639</u>	<u>4.536.540</u>	<u>14.676.039</u>	<u>20.644</u>	<u>22.794.358</u>	<u>99.615.220</u>	<u>87.223.213</u>
Kröfur								
Kröfur á launagreiðendur		259.119	19.417	66.998	89	73.648	419.271	375.804
Aðrar kröfur		41.640	2.090	3.053	17	19.241	66.040	85.288
		<u>300.759</u>	<u>21.507</u>	<u>70.051</u>	<u>106</u>	<u>92.889</u>	<u>485.312</u>	<u>461.092</u>
Aðrar eignir								
Bankainnstæður		680.534	64.105	86.061	663	992.461	1.823.825	1.646.567
		<u>680.534</u>	<u>64.105</u>	<u>86.061</u>	<u>663</u>	<u>992.461</u>	<u>1.823.825</u>	<u>1.646.567</u>
Eignir samtals		<u>58.568.932</u>	<u>4.622.152</u>	<u>14.832.151</u>	<u>21.414</u>	<u>23.879.708</u>	<u>101.924.356</u>	<u>89.330.872</u>
Skuldbindingar								
Gjaldmiðlasamningar	23	(1.361.485)	(28.746)	0	(110)	(362.772)	(1.753.113)	(1.700.563)
		<u>(1.361.485)</u>	<u>(28.746)</u>	<u>0</u>	<u>(110)</u>	<u>(362.772)</u>	<u>(1.753.113)</u>	<u>(1.700.563)</u>
Viðskiptaskuldir								
Aðrar skuldir		(286.653)	(24.707)	(94.744)	(508)	(49.197)	(455.809)	(566.840)
		<u>(286.653)</u>	<u>(24.707)</u>	<u>(94.744)</u>	<u>(508)</u>	<u>(49.197)</u>	<u>(455.809)</u>	<u>(566.840)</u>
Skuldir samtals		<u>(1.648.138)</u>	<u>(53.453)</u>	<u>(94.744)</u>	<u>(618)</u>	<u>(411.969)</u>	<u>(2.208.922)</u>	<u>(2.267.403)</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris		<u>56.920.793</u>	<u>4.568.700</u>	<u>14.737.406</u>	<u>20.796</u>	<u>23.467.739</u>	<u>99.715.434</u>	<u>87.063.469</u>

Sjóðstreymi 2011

	Skýr.	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Frjálsi Áhætta	Trygginga- deild	Samtals 2011	Samtals 2010
Inngreiðslur								
Iðgjöld	2.580.681	495.705	1.230.892	1.093	2.563.687	6.872.058	6.068.949	
Fjárfestingartekjur	107.364	10.433	120.735	894	(23.814)	215.611	677.029	
Afborganir verðbréfa	1.653.020	175.939	1.070.706	911	942.305	3.842.880	3.503.888	
Seld verðbréf með breytíl. tekjum	3.988.123	105.417	610.811	3.197	753.984	5.461.532	13.802.797	
Seld verðbréf með föstum tekjum ...	2.051.245	106.630	2.778.740	258	567.523	5.504.397	9.107.446	
	<u>10.380.432</u>	<u>894.124</u>	<u>5.811.884</u>	<u>6.353</u>	<u>4.803.685</u>	<u>21.896.478</u>	<u>33.160.108</u>	
Útgreiðslur								
Lífeyrir	2.051.570	190.940	1.090.913	1.318	255.956	3.590.697	2.517.530	
Fjárfestingargjöld	165.590	12.852	42.955	65	67.591	289.053	260.468	
Rekstrarkostnaður	77.584	5.925	19.756	30	50.667	153.961	133.932	
Skammtímalíðir, breyting	(53.922)	(2.721)	480	419	(79.506)	(135.250)	70.458	
	<u>2.240.823</u>	<u>206.996</u>	<u>1.154.102</u>	<u>1.831</u>	<u>294.709</u>	<u>3.898.461</u>	<u>2.982.388</u>	
Rádstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu	<u>8.139.610</u>	<u>687.128</u>	<u>4.657.781</u>	<u>4.522</u>	<u>4.508.976</u>	<u>17.998.017</u>	<u>30.177.720</u>	
Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting								
Keypt verðbréf með breytíl. tekjum	4.117.909	171.464	20.403	2.726	1.355.307	5.667.810	13.599.614	
Keypt verðbréf með föstum tekjum	3.637.607	525.530	4.506.045	1.516	2.921.337	11.592.035	17.352.833	
Ný veðlán og útlán	357.297	9.498	0	0	5.542	372.337	278.071	
Hækkun á bankainnistæðum	0	0	188.578	0	0	188.578	125.341	
	<u>8.112.813</u>	<u>706.492</u>	<u>4.715.026</u>	<u>4.242</u>	<u>4.282.185</u>	<u>17.820.759</u>	<u>31.355.858</u>	
Hækkun/(lækkun) á bankainnist	26.797	(19.364)	(57.245)	279	226.791	177.258	(1.178.138)	
Bankainnistæður í ársbyrjun	<u>653.738</u>	<u>83.469</u>	<u>143.306</u>	<u>384</u>	<u>765.670</u>	<u>1.646.567</u>	<u>2.824.705</u>	
Bankainnistæður í árslok	<u>680.534</u>	<u>64.105</u>	<u>86.061</u>	<u>663</u>	<u>992.461</u>	<u>1.823.825</u>	<u>1.646.567</u>	

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Frjálsa lífeyrissjóðsins fyrir árið 2011 er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga, lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglur Fjármálefirtiltsins nr. 55/2000 um ársreikninga lífeyrissjóða. Í öllum meginatriðum er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

2. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

3. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í árslok. Gengismunur sem myndast er færður meðal fjárfestingartekna. Miðgengi Seðlabanka Íslands greinist þannig:

	Mynt	Meðalgengi ársins		Árslokagengi	
		2011	2010	31.12.2011	31.12.2010
Evra.....	EUR	161,42	161,89	158,84	153,80
Bandaríkjadóllar.....	USD	116,07	122,04	122,71	115,05
Japanskt jen.....	JPY	1,46	1,39	1,59	1,41
Svissneskur franki.....	CHF	131,20	117,24	130,66	122,91
Sterlingspund.....	GBP	186,00	188,55	189,43	178,47
Sænsk króna.....	SEK	17,88	16,96	17,79	17,16
Dönsk króna.....	DKK	21,67	21,74	21,37	20,64

4. Áhættustjórnun

Engir framvirkir gjaldeyrisskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá sjóðnum. Sjá nánar í skýringu 23.

5. Verðbréf

Frjálsi 1, Frjálsi 2 og Frjálsi 3, Frjálsi Áhætta:

Skráð verðbréf með breytilegum tekjum, skráð verðbréf með föstum tekjum og hlutdeildarskírteini eru færð til eignar á markaðsverði í árslok. Óskráð verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar miðað við upphaflega kaupkröfu. Önnur óskráð verðbréf eru færð til eignar á upphaflegu kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði í árslok, hvort sem lægra er.

Tryggingadeild:

Verðbréf eru metin með sama hætti og í leiðum Frjálsa 1 til 3 og Frjálsa Áhætta hér að ofan, að því undanskildu að frá ársbyrjun 2006 hafa öll verðbréf með föstum tekjum verið færð til eignar miðað við upphaflega kaupkröfu.

6. Skráning tekna

Undir tekjur af eignarhlutum fellur arður af hlutabréfum, söluhagnaður og óinnleystur gengismunur af hlutabréfum, bæði vegna breytinga á gengi bréfanna og gengi íslensku krónunnar.

Undir vaxtatekjur og gengismun falla vaxtatekjur af verðbréfum með föstum tekjum, veðlánnum, auk vaxtatekna af iðgjöldum og bankainnstæðum. Þá fellur undir þennan lið gengismunur af verðbréfum með föstum tekjum í erlendum gjaldmiðlum og breytingar á gengi innlendra og erlendra hlutdeildarskírteina.

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir (framhald)

7. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaði sjóðsins er skipt á fjárfestingargjöld og rekstrarkostnað eftir því hvort um er að ræða kostnað við eignaumsýslu eða annan rekstur sjóðsins.

8. Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að sjóðurinn verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Iðgjöld

9. Í ársreikningi sjóðsins eru iðgjöld færð til tekna í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris þegar skilagreinar hafa borist sjóðnum, óháð því hvort þau eru greidd eða ekki. Iðgjöld sjóðfélaga eru greidd inn á sameiginlegan bankareikning Frjálsa lífeyrissjóðsins óháð því í hvaða deild sjóðfélagar eru og eftir móttöku skilagreina er fært af bankareikningnum inn á viðkomandi deild. Í árslok 2011 er staðan á iðgjaldabankareikningi sjóðsins um 204,9 milljónir króna.

10. Iðgjöld greinast þannig:

	Samtals 2011
Lágmarksiðgjöld	5.332.689
Viðbótariðgjöld	1.445.907
Réttindaflutningur og endurgreiðslur	23.232
Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði	70.231
	<u>6.872.058</u>

Lífeyrir

11. Lífeyrir greinist þannig:

	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Frjálsi Áhætta	Trygginga- deild	Samtals 2011
Ellilífeyrir	406.892	103.921	600.646	0	89.944	1.201.403
Barnalífeyrir	0	0	0	0	9.441	9.441
Makalífeyrir	0	0	0	0	24.405	24.405
Örorkulífeyrir	8.447	0	3.363	0	132.166	143.977
Fyrirframgreiðsla séreignasparnaðar	1.580.355	84.466	437.248	1.318	0	2.103.388
Annar lífeyrir	55.876	2.552	49.655	0	0	108.083
	<u>2.051.570</u>	<u>190.940</u>	<u>1.090.913</u>	<u>1.318</u>	<u>255.956</u>	<u>3.590.697</u>

Skýringar

Vaxtatekjur og gengismunur

12. Vaxtatekjur og gengismunur greinist þannig:

	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Frjálsi Áhætta	Trygginga- deild	Samtals 2011
Skuldabréf og hlutdeildarskírteini	5.276.317	547.106	1.804.937	2.751	1.879.819	9.510.930
Vaxtatekjur vegna iðgjalda	20.798	949	2.767	41	23.161	47.716
Bankainnistæður	20.640	1.819	176.755	16	56.061	255.289
Viðskiptakostnaður	(966)	(175)	(2.615)	(21)	(1.123)	(4.901)
	<u>5.316.788</u>	<u>549.699</u>	<u>1.981.843</u>	<u>2.787</u>	<u>1.957.917</u>	<u>9.809.034</u>

Fjárfestingar

13. Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Frjálsi Áhætta	Trygginga- deild	Samtals 31.12.2011
Skráð innlend hlutabréf	142.488	3.140	0	49	16.890	162.567
Óskráð innlend hlutabréf	1.170.109	61.772	3.639	407	384.399	1.620.327
Skráð erlend hlutabréf	247.859	16.313	0	174	82.664	347.011
Óskráð erlend hlutabréf	27.869	0	0	0	12.700	40.569
Innlend hlutdeildarskírteini	11.397.516	1.119.794	936.225	2.510	2.621.931	16.077.976
Erlend hlutdeildarskírteini	15.133.896	368.796	0	1.384	1.864.584	17.368.660
	<u>28.119.737</u>	<u>1.569.816</u>	<u>939.864</u>	<u>4.524</u>	<u>4.983.167</u>	<u>35.617.108</u>

14. Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Frjálsi Áhætta	Trygginga- deild	Samtals 31.12.2011
Skuldabréf með ríkisábyrgð	24.183.506	2.658.060	10.356.738	15.999	15.727.108	52.941.411
Skuldabréf með ábyrgð fjármálast.	602.074	38.721	187.211	0	181.810	1.009.816
Skuldabréf með ábyrgð sveitafélaga	186.469	18.020	27.537	46	277.242	509.313
Skuldabréf fyrirtækja	2.951.821	241.630	924.355	77	1.566.919	5.684.803
Önnur skuldabréf	29.190	1.702	11.879	0	23.203	65.975
	<u>27.953.061</u>	<u>2.958.134</u>	<u>11.507.720</u>	<u>16.122</u>	<u>17.776.282</u>	<u>60.211.318</u>

Verðbréf með föstum tekjum eru metin á áætluðu markaðsverði í Frjálsa 1, Frjálsa 2, Frjálsa 3 og Frjálsa Áhættu, en á kaupkröfu í Tryggingadeild. Bókfært verð og verð samkvæmt upphaflegri kaupkröfu sundurliðast þannig:

	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Frjálsi Áhætta	Trygginga- deild	Samtals 31.12.2011
Samkvæmt upphaflegri kaupkröfu	24.299.634	2.530.986	10.366.666	13.847	17.776.282	54.987.415
Samkvæmt ársreikningi	27.953.061	2.958.134	11.507.720	16.122	17.776.282	60.211.318
	<u>(3.653.427)</u>	<u>(427.148)</u>	<u>(1.141.054)</u>	<u>(2.275)</u>	<u>0</u>	<u>(5.223.903)</u>

Áætlað markaðsverð verðbréfa með föstum tekjum í tryggingadeild, var 20.531 milljónir króna í lok ársins, samanborið við 17.776 milljónir króna sé miðað við upphaflega kaupkröfu eða 2.755 milljónum króna hærra. Í ársbyrjun var áætlað markaðsverð verðbréfa með föstum tekjum í tryggingadeild 1.476 milljónir króna hærra en ef miðað er við upphaflega kaupkröfu.

Skýringar

15. Breytingar á varúðarniðurfærslu og endanlegum afskriftum ársins leiða til þess að tekjufærðar eru 145,4 milljónir króna í yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2011.

Varúðarniðurfærsla á skuldabréfum með föstum tekjum greinist þannig:

	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Trygginga- deild	Samtals 31.12.2011
Skuldabréf fjármálafyrirtækja	942.017	42.766	49.298	165.782	1.199.864
Skuldabréf annarra fyrirtækja	271.788	34.007	73.194	65.357	444.347
	<u>1.213.806</u>	<u>76.773</u>	<u>122.492</u>	<u>231.139</u>	<u>1.644.210</u>
Varúðarniðurfærsla í upphafi árs	1.917.353	107.459	267.184	322.574	2.614.569
Lækkun á niðurfærslu á árinu	<u>703.547</u>	<u>30.686</u>	<u>144.692</u>	<u>91.435</u>	<u>970.359</u>

Lækkun á varúðarniðurfærslu á árinu greinist þannig:

	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Trygginga- deild	Samtals 31.12.2011
Skuldabréf fjármálafyrirtækja	451.719	13.171	46.902	91.915	603.707
Skuldabréf annarra fyrirtækja	251.828	17.515	97.789	(480)	366.652
	<u>703.547</u>	<u>30.686</u>	<u>144.692</u>	<u>91.435</u>	<u>970.359</u>

Sjóðurinn á jafnframt skuldabréf útgefin af Kaupþing banka hf. sem ekki eru niðurfærð þar sem fyrirhugað er að nota þau til skuldajöfnunar sbr. skýring 23.

